

**Sýslumaður Vesturlands**  
**06 442**

**Ársreikningur 2019**

## **Efnisyfirlit**

Bls.

Skýrsla og áritun forstöðumanns .....	<b>2</b>
Yfirlit um afkomu ársins .....	<b>3</b>
Efnahagsreikningur .....	<b>4</b>
Sjóðstreymisyfirlit .....	<b>5</b>
Skýringar .....	<b>6</b>

**Sýslumaður Vesturlands**

**kt. 660914-1100**

**Borgarbraut 2, 340 Stykkishólmi**

## **Skýrsla og áritun forstöðumanns**

Sýslumaður Vesturlands er ríkisaðili í A-hluta. Um sýslumenn gilda lög nr. 50/2014 um framkvæmdarvald og stjórnsýslu ríkisins í héraði.

Sýslumenn fara með framkvæmdarvald og stjórnsýslu ríkisins í héraði, hver í sínu umdæmi, eftir því sem lög og reglugerðir eða önnur stjórnvaldsfyrirmæli kveða á um. Þar á meðal fara þeir með innheimtu opinberra gjalda, að því leyti sem hún er ekki falin öðrum.

Embætti sýslumanna heyra undir ráðherra, nú dómsmálaráðherra, samkvæmt forsetaúrskurði nr. 15/2017 um skiptingu sjónarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands og forsetaúrskurði nr. 4/2017 um skiptingu stjórnarráðs Íslands í ráðuneyti.

Starfsemi stofnunarinnar fellur undir málefnavið 10 og málaflokk 30 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Á árinu 2019 var ársveltan kr. 260,9 milljónir og afkoma kr. 23,3 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. -34,1 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 29,2 milljónir.

Það er álit mitt að ársreikningur 2019 gefi glöggja mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu Sýslumanns Vesturlands í samræmi við lög um opinber fjármál.

Forstöðumaður staðfestir hér með ársreikning Sýslumanns Vesturlands fyrir árið 2019 með undirritun sinni.

Ólafur K. Ólafsson,  
sýslumaður

(undirritað rafrænt)

## Yfirlit um afkomu ársins 2019

	Skýr	2019	2018
<b>Tekjur</b>			
Tekjufærsla fjárveitinga .....	2	242.200.000	226.800.000
Seld þjónusta .....	3	428.929	1.417.574
Framlög og ýmsar tekjur .....	4	17.152.751	17.237.907
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára .....	2	1.144.626	931.876
<b>Tekjur samtals</b>		<b>260.926.306</b>	<b>246.387.357</b>
<b>Gjöld</b>			
Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður .....	5	188.376.542	199.025.544
Annar rekstrarkostnaður .....	6	48.115.721	44.099.690
Afskriftir .....	7	1.144.626	931.876
<b>Gjöld samtals</b>		<b>237.636.889</b>	<b>244.057.110</b>
<b>Afkoma fyrir fjármagnsliði</b>		<b>23.289.417</b>	<b>2.330.247</b>
<b>Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)</b>			
Vaxtatekjur, verðbætur og gengishagnaður .....		1.425	0
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap .....		(15.191)	(11.999)
		(13.766)	(11.999)
<b>Afkoma ársins</b>		<b>23.275.651</b>	<b>2.318.248</b>

Skýringar með ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

## Efnahagsreikningur 31. desember 2019

	Skýr	31.12.2019	31.12.2018
<b>Eignir</b>			
<b>Fastafjármunir</b>			
Varanlegir rekstrarfjármunir:	8		
Áhöld, tæki og búnaður .....	3.203.964	2.254.510	
Aðrar eignir .....	<u>872.000</u>	<u>872.000</u>	
<b>Fastafjármunir samtals</b>	<b><u>4.075.964</u></b>	<b><u>3.126.510</u></b>	
<b>Veltufjármunir</b>			
Viðskiptakröfur .....	150.354	956.250	
Tengdir aðilar .....	8.801.317	39.161.384	
Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður .....	264.783	163.765	
Handbært fé .....	<u>15.912.599</u>	<u>8.749.145</u>	
<b>Veltufjármunir samtals</b>	<b><u>25.129.053</u></b>	<b><u>49.030.544</u></b>	
<b>Eignir samtals</b>	<b><u>29.205.017</u></b>	<b><u>52.157.054</u></b>	
<b>Eigið fé og skuldir</b>			
<b>Eigið fé</b>	11		
Hrein eign .....	<u>(34.086.737)</u>	<u>(57.362.388)</u>	
<b>Eigið fé samtals</b>	<b><u>(34.086.737)</u></b>	<b><u>(57.362.388)</u></b>	
<b>Skuldir</b>			
Tengdir aðilar .....	9	18.961.481	76.584.046
Viðskiptaskuldir .....		856.545	946.432
Ýmsar skammtímaskuldir .....	12	39.162.331	28.032.941
Frestun tekufærslu fjárfestingarheimilda .....	13	<u>4.311.397</u>	<u>3.956.023</u>
<b>Skuldir samtals</b>	<b><u>63.291.754</u></b>	<b><u>109.519.442</u></b>	
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>	<b><u>29.205.017</u></b>	<b><u>52.157.054</u></b>	
<b>Aðrar upplýsingar</b>	14		

*Skýringar með ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.*

## Sjóðstremisýfirlit ársins 2019

	Skýr	2019	2018
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins .....		23.275.651	2.318.248
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstremi:			
Afskriftir .....	7	1.144.626	931.876
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára .....		(1.144.626)	(931.876)
		<hr/> 23.275.651	<hr/> 2.318.248
Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna:			
Viðskiptakröfur - aðrar skammtímakröfur .....		704.878	4.169.915
Tengdir aðilar .....		(27.262.498)	(28.672.430)
Hækkun (lækkun) rekstrartengdra skulda:			
Skammtímaskuldur .....		11.039.503	28.235.757
		<hr/> (15.518.117)	<hr/> 3.733.242
		<hr/> <hr/> 7.757.534	<hr/> <hr/> 6.051.490
<b>Handbært fé frá rekstri</b>			
<b>Fjárfestingarhreyfingar</b>			
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna .....	8	(2.094.080)	(570.487)
		<hr/> (2.094.080)	<hr/> (570.487)
<b>Fjármögnumnarhreyfingar</b>			
Fjárfestingarfamlag .....		1.500.000	1.400.000
		<hr/> 1.500.000	<hr/> 1.400.000
<b>Hækkun (lækkun) á handbæru fé</b>			
Handbært fé í byrjun árs .....		7.163.454	6.881.003
		<hr/> 8.749.145	<hr/> 1.868.142
		<hr/> <hr/> 15.912.599	<hr/> <hr/> 8.749.145

Skýringar með ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstremisýfirlits.

# Skýringar

## 1. Yfirlit um helstu reikningsskilaðferðir

### Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Beitt er kostnaðarverðsreglu.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atríði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

### Innlausn tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttakins endurgjalds.

Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda.

Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggi atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

### Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

### Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Vaxtatekjur vegna skuldabréfaeignar eru tekjfærðar miðað við upphaflega ávöxtunarkröfu og vaxtatekjur krafna eru tekjfærðar eins og þær falla til nema vafi leiki á um innheimtu þeirra. Vaxtatekjur af almennum bankainnstæðum færast hjá ríkissjóði.

Viðskipti í öðrum myntum en íslenskum krónum eru umreknuð yfir í ISK á gengi viðskiptadags. Gengismunur sem myndast við greiðslu skulda og innheimtu krafna er færður í yfirlit um afkomu sem og áfallinn gengismunur á eignir og skuldir í lok ársins.

### Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Liggi kostnaðarverð ekki fyrir er miðað við metið gangvirði sem kostnaðarverð. Ef eignar er aflað án endurgjalds eða gegn vægu endurgjaldi er eignin færð til tekna á gangverði, þegar gangvirði verður ákvarðað með áreiðanlegum hætti, í yfirlit um afkomu.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörsdegi og breytt ef við á.

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:

Áhöld, tæki og búnaður .....

3-10 ár

Aðrar eignir .....

óafskrifnað/10 ár

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

## **Skýringar**

Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingarheimild. Tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á söludegi og er hluti af afkomu ársins.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í yfirlit um afkomu þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

### **Viðskiptakröfur**

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum stofnunarinnar.

### **Handbært fé**

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

### **Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir**

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

### **Skuldbindingar**

Skuldbindingar eru framtíðarútgjöld og -skuldir í samningum sem gerðir hafa verið á reikningsskiladegi.

Skuldbindingar eru flokkaðar þannig:

- leiguskuldbinding: óuppsegjanlegar rekstrarleigugreiðslur með leigutíma umfram eitt ár
- uppsegjanlegar skuldbindingar með viðurlögum eða útgöngukostnaðarákvæðum í samningi, eru færðar á því verði sem nemur viðurlögum eða útgöngukostnaði (það er lágmarks framtíðargreiðslur)

Skuldbindingar um greiðslu vaxta af skuldum, skuldbindingar um framlög og skuldbindingar sem tengjast ráðningarsamningum starfsmanna eru ekki taldar með í samantekt um skuldbindingar.

### **Tengdir aðilar**

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs.

## Skýringar

	2019	2018		
<b>2 Tekjufærsla fjárveitinga</b>				
Fjárveiting ársins .....	242.200.000	228.200.000		
Rekstrarfjárveiting flokkuð sem fjárveiting til fjárfestinga .....	0	1.400.000		
Tekjufærsla fjárveitinga .....	242.200.000	226.800.000		
Tekjufærsla frestaðra tekna .....	1.144.626	931.876		
	<b>243.344.626</b>	<b>227.731.876</b>		
<b>Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:</b>				
	Rekstur	Rekstrar-tilfærslur	Fjármagns-tilfærslur	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum .....	222.600.000	0	0	222.600.000
Millifærslur milli fjárlagaliða .....	19.600.000	0	0	19.600.000
<b>Fjárveiting til tekna .....</b>	<b>242.200.000</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>242.200.000</b>
Ráðstöfun ársins, skv. rekstrarrekningi að frádregnum sértekjum ....	(218.924.349)	0	0	(218.924.349)
<b>Staða fjárveitinga ársins í lok árs .....</b>	<b>23.275.651</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>23.275.651</b>
	2019	2018		
<b>3 Seld þjónusta</b>				
Verksala .....	274.757	358.030		
Ýmsar þjónustutekjur .....	154.172	1.059.544		
	<b>428.929</b>	<b>1.417.574</b>		
<b>4 Framlög og ýmsar tekjur</b>				
Leigutekjur .....	1.146.824	247.253		
Kostnaðarhlutdeild .....	16.005.927	16.990.654		
	<b>17.152.751</b>	<b>17.237.907</b>		
<b>5 Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður</b>				
Laun .....	149.816.243	166.318.839		
Orlof, breyting .....	3.210.547	(6.856.916)		
Launatengd gjöld .....	34.565.375	39.170.179		
Starfsmannakostnaður .....	784.377	393.442		
	<b>188.376.542</b>	<b>199.025.544</b>		
Meðalfjöldi stöðugilda .....	16,3	18,5		

## Skýringar

	2019	2018	
<b>6 Annar rekstrarkostnaður</b>			
Bækur, ritföng, filmur o.fl.	886.475	766.651	
Ýmis tæki og áhöld	171.020	61.550	
Orkugjafar	1.306.153	1.331.863	
Matvæli	2.098.637	2.238.806	
Almennar rekstrarvörur	314.238	346.860	
Vörukaup, almenn	<u>4.776.523</u>	<u>4.745.730</u>	
Fundir, námskeið, risna	205.657	208.200	
Ferðir, uppihald	559.818	511.270	
Akstur	2.940.871	3.722.654	
Sérfræðiþjónusta	793.847	504.646	
Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld	399.429	782.840	
Auglýsingar og kynningarstarfsemi	270.947	590.772	
Prentun, póstur, flutningar og önnur þjónusta	<u>2.948.602</u>	<u>2.530.680</u>	
Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðiþjónusta	8.119.171	8.851.062	
Afnotagjöld	1.814.782	2.322.160	
Leigugjöld	22.010.560	17.031.849	
Notkun véla og flutningatækja	366.440	279.861	
Verkkaup	1.628.803	954.614	
Kostnaðarhlutdeild	9.342.293	9.871.414	
Opinber gjöld	20.649	0	
Tilfærslur	36.500	43.000	
Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl.	<u>35.220.027</u>	<u>30.502.898</u>	
Annar rekstrarkostnaður samtals	<u>48.115.721</u>	<u>44.099.690</u>	
<b>7 Afskriftir</b>			
Áhöld, tæki og búnaður	1.144.626	931.876	
	<u>1.144.626</u>	<u>931.876</u>	
	<b>31.12.2019</b>	<b>31.12.2018</b>	
<b>8 Varanlegir rekstrarfjármunir</b>			
Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:			
Áhöld, tæki og búnaður	3.203.964	2.254.510	
Aðrar eignir	872.000	872.000	
	<u>4.075.964</u>	<u>3.126.510</u>	
Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig í árslok 2019:			
	<b>Áhöld, tæki og búnaður</b>	<b>Aðrar eignir</b>	<b>Samtals</b>
Staða 1.1.2019	10.344.318	890.900	11.235.218
Viðbætur á árinu	<u>2.094.080</u>	0	2.094.080
	12.438.398	890.900	13.329.298
Afskriftir 1.1.2019	8.089.808	18.900	8.108.708
Afskrift ársins	<u>1.144.626</u>	0	1.144.626
	9.234.434	18.900	9.253.334
Staða 31.12.2019	<u>3.203.964</u>	<u>872.000</u>	<u>4.075.964</u>

## Skýringar

31.12.2019 31.12.2018

### 9 Tengdir aðilar

Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.

Kröfur á tengda aðila:

Viðskiptareikningur við ríkissjóð .....	8.801.317	19.994.178
Áætluð leiðréttig vegna fjárveitinga .....	0	19.167.206
	<u>8.801.317</u>	<u>39.161.384</u>

Skuldir við tengda aðila:

Viðskiptareikningar við ríkisaðila í A-hluta ríkissjóðs .....	18.961.481	76.584.046
	<u>18.961.481</u>	<u>76.584.046</u>

### 10 Handbært fé

Sjóðir .....	584.529	574.759
Tékkareikningar .....	<u>15.328.070</u>	<u>8.174.386</u>
	<u>15.912.599</u>	<u>8.749.145</u>

Stofnunin hefur tekið til vörsu fjármuni fyrir þriðja aðila að fjárhæð kr. 19,9 milljónir sem varðveitt er á bankareikningum á nafni stofnunarinnar en telst ekki til eigna í efnahagsreikningi.

### 11 Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum;

31.12.2019 31.12.2018

Hrein eign

Jöfnuður 1.1. .....	(57.362.388)	(59.680.636)
Breytingar á árslokastöðu fyrra árs samkvæmt ákvörðun fjármála- og efnahagsráðuneytisins .....	0	0
Afkoma ársins .....	23.275.651	2.318.248
Jöfnuður 31.12. .....	<u>(34.086.737)</u>	<u>(57.362.388)</u>

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirfærsla eiginfjár yfir á næsta ár er háð ákvörðun fjármála- og efnahagsráðuneytisins. Ákvörðun ráðuneytisins er byggð á reglum sem ráðuneytið setur út frá 30.gr. laga um opinber fjármál og samráði við viðkomandi fagráðuneyti og verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi 2019 og B-deild Stjórnartíðinda.

31.12.2019 31.12.2018

### 12 Ýmsar skammtímaskuldir

Ógreitt orlof .....	21.964.209	18.753.662
Ógreidd laun .....	819.967	0
Önnur ógreidd gjöld .....	<u>16.378.155</u>	<u>9.279.279</u>
	<u>39.162.331</u>	<u>28.032.941</u>

## Skýringar

### 13 Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með taldar fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignarinnar í formi afskrifta. Við innfærslu eignanna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárveitinga til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sólu eignarinnar nema söluandvirðið verði notað til endurfjárfestingar.

	31.12.2019	31.12.2018	
Frestaðar tekjur vegna fjárfestingafjárveitinga .....	4.075.964	3.126.510	
Ónotuð fjárveiting til fjárfestinga .....	235.433	829.513	
	<hr/>	<hr/>	
	4.311.397	3.956.023	
	Frestaðar tekjur vegna fjárfestinga	Fjárfestinga- fjárveiting	Samtals frestaðar tekjur
Staða 1.1.2019 .....	3.126.510	829.513	3.956.023
Fjárfestingarfjárveiting ársins .....	0	1.500.000	1.500.000
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum .....	2.094.080	(2.094.080)	0
Tekjufærsla frestaðra tekna .....	(1.144.626)	0	(1.144.626)
	<hr/>	<hr/>	<hr/>
	4.075.964	235.433	4.311.397

Af frestuðum tekjum vegna fjárfestinga í árslok 2019 munu kr. 1 milljónir koma til tekna á árinu 2020.

### 14 Aðrar upplýsingar

#### *Skuldbindandi samningar*

Stofnunin hefur gert skuldbindandi samninga ótímabundna um húsnæði og tímabundna samninga um reksur bifreiða til ársins 2020. Árlegar greiðslu vegna húsaleigu nema kr. 22,4 milljónum og vegna reksturs bifreiða kr. 2,4 milljónum.

#### *Veðsetningar*

Engar veðsetningar eru áhvílandi á eignum stofnunarinnar í árslok 2019.

#### *Veittar ábyrgðir*

Stofnunin hefur ekki gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

#### *Óefnislegar eignir*

Vegna ákvæða í lögum um ársreikninga um að óheimilt sé að eignfæra áður gjaldfærðar óefnislegar eignir eru óefnislegar eignir sem stofnað var til fyrir 1.1.2017 ekki færðar til eignar við innleiðingu á LOF.

Óefnislegar eignir stofnunarinnar felast í ýmsum hugbúnaði og lausnum þeim tengdum.

#### *Óafturkallanleg loforð*

Stofnunin hefur ekki veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekstur hennar.

#### *Atburðir eftir reikningsskiladag*

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningsskiladag sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi.